

FRÁSÖGN

*af fundum Vestnorræna ráðsins á 73. Norðurlandaráðsþingi í Kaupmannahöfn
1.–3. nóvember 2021.*

Af hálfu Íslandsdeildar sóttu þingið Bryndís Haraldsdóttir, meðlimur Íslandsdeildar, og Bylgja Árnadóttir, alþjóðaritari. Auk þátttöku í Norðurlandaráðsþingi átti forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins fundi með fulltrúum forsætisnefndar Norðurlandaráðs sem og vestnorrænum samstarfsráðherrum Norðurlanda. Einnig var haldinn undirbúningsfundur fyrir þessa fundi. Af hálfu landsdeildar Grænlands sótti fundinn Pipaluk Lyng-Rasmussen, formaður, og Edva Jacobsen, formaður færeysku landsdeildarinnar, var fulltrúi Færeyinga.

Til fundar við forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins komu Sigurður Ingi Jóhannsson, samstarfsráðherra Norðurlanda á Íslandi, Kalistat Lund, samstarfsráðherra Grænlandinga, og Petur Petersen, staðgengill Kajs Leos Holm Johannesen, ráðherra Færeyinga. Edva Jacobsen sagði stuttlega frá starfi ráðsins á árinu. Hún sagði frá því að Vestnorræna ráðið legði áherslu á loftslagsmál og græn umskipti á yfirstandandi starfsári og að umhverfisráðherrum landanna yrði boðið á þemaráðstefnu um málefnið í janúar 2022. Þá yrði félagsmálaráðherrum landanna boðið til ráðstefnu um málefni ungs fólks á Vestur-Norðurlöndum, sem haldin yrði sumarið 2022 á Grænlandi, en henni hefði þurft að fresta um ár vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Lund fagnaði áherslu Vestnorræna ráðsins á umhverfismál og greindi frá því að ný ríkisstjórn á Grænlandi hefði metnaðarfull áform í loftslagsmálum. Bryndís Haraldsdóttir þakkaði ráðherrunum og skrifstofum þeirra fyrir greinargerðir ríkisstjórnanna til Vestnorræna ráðsins um framfylgd ályktana ráðsins. Hún kynnti stuttlega nýjar ályktanir sem samþykktar voru á ársfundi ráðsins á Grænlandi í október. Í annari ályktuninni væru ríkisstjórnir Vestur-Norðurlanda hvattar til að auka samvinnu sína á vettvangi umhverfismála en hin ályktunin fjallaði um samstarf vestnorrænna landa um fjarmenntun á háskólastigi. Sigurður Ingi greindi forsætisnefnd frá því að samstarfsráðherrarnir hefðu leitað til Norræna Atlantssamstarfsins (NORA) um greiningu á framfylgd ályktana Vestnorræna ráðsins. Allir væru sammála um að vilja auka skilvirkni vestnorræns samstarfs en eitthvað hefði skort á framkvæmdina. Til greina kæmi að formgera samstarf ríkisstjórnanna með svipuðum hætti og í Norrænu ráðherranefndinni en beðið væri eftir greiningu NORA áður en þeim hugmyndum yrði hrint í framkvæmd. Fulltrúi grænenska utanríkisráðuneytisins greindi forsætisnefnd frá því að vegna áhrifa heimsfaraldursins á efnahagslífið hygðist ríkisstjórnin bíða með að hrinda ályktunum ráðsins frá árunum 2020 og 2021 í framkvæmd.

Á fundi Vestnorræna ráðsins með forsætisnefnd Norðurlandaráðs var rætt um samstarf ráðanna tveggja, umhverfis- og loftslagsmál, loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og samstarf við Evrópusambandið. Annette Lind, varaforseti Norðurlandaráðs, stýrði fundi og lýsti ánægju forsætisnefndar með samvinnuna við Vestnorræna ráðið síðasta ár. Í lok fundar var undirritaður nýr samstarfssamningur ráðanna tveggja sem tekur við af samningi frá 2006. Nýmæli í samningnum snúa helst að aukinni samvinnu ráðanna á alþjóðlegum vettvangi.

Pipaluk Lyng-Rasmussen, formaður Vestnorræna ráðsins, flutti ræðu á þinginu fyrir hönd ráðsins undir umræðulið um alþjóðlega samvinnu. Hún ítrekaði mikilvægi þess fyrir íbúa Vestur-Norðurlanda að leiðtogar heims næðu skýru og metnaðarfullu samkomulagi um viðbrögð við loftslagsvánni. Þá fagnaði hún góðu samstarfi við Norðurlandaráð og nýjum samstarfssamningi ráðanna.

Á fundi forsætisnefndar tilkynnti Sigurður Ólafsson, framkvæmdastjóri ráðsins, að hann hefði sagt stöðu sinni lausri og myndi ljúka störfum í lok janúar 2022. Forsætisnefnd ræddi fyrirkomulag ráðningar nýs framkvæmdastjóra og var samþykkt að hraða ferlinu eftir því sem kostur væri.

Forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins tók einnig þátt í hádegisverðarfundum fyrir erlenda gesti á Norðurlandaráðsþingi og móttöku í tilefni af 25 ára afmæli Norræna Atlantssamstarfsins (NORA).

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu www.vestnordisk.is.